

# Framhaldsskólinn á Laugum



## Sjálfsmatsskýrsla 2014 - 2015

Hildur Stefánsdóttir og Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir

Júní 2015

## Efnisyfirlit

|                                                          |    |
|----------------------------------------------------------|----|
| Efnisyfirlit .....                                       | 1  |
| Inngangur .....                                          | 3  |
| 1.0. Markmið og matsaðferðir .....                       | 4  |
| 1.1 Nemendur .....                                       | 4  |
| 1.2 Nám .....                                            | 5  |
| 1.3 Kennsla .....                                        | 6  |
| 1.4 Stjórnun .....                                       | 6  |
| 1.5 Leiðsagnarkerfið .....                               | 7  |
| 2.0 Sjálfsmat 2014–2015 .....                            | 8  |
| 2.1 Nemendur – ástundun og líðan .....                   | 8  |
| 2.2 Nám - námsárangur .....                              | 10 |
| 2.3 Kennsla - áfangamat og kennsluaðferðir .....         | 11 |
| 2.4 Stjórnun skólans .....                               | 12 |
| 2.5 Leiðsagnarkerfið .....                               | 12 |
| 3.0 Sérstakar áherslur í sjálfsmati 2014-2015 .....      | 13 |
| 3.1 Nemendur - ástundun og líðan .....                   | 13 |
| 3.2 Árangur nemenda .....                                | 15 |
| 3.3. Kennsla – áfangamat og kennsluaðferðir .....        | 15 |
| 3.4 Stjórnun skólans .....                               | 16 |
| 3.5 Leiðsagnarkerfið .....                               | 18 |
| 4.0 Eftirfylgni sjálfsmats .....                         | 21 |
| 4.1 Sjálfsmatsáætlun frá hausti 2015 til vors 2018. .... | 21 |
| 5.0 Viðhengi .....                                       | 22 |

## Inngangur

Til lengri tíma litið er reynt að láta sjálfsmatið spanna sem flesta og víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila.

Í kafla 1 eru matsþættir flokkaðir, sett fram markmið og útskýrðar aðferðir við að meta hvort þeim hafi verið náð. Þau verkfæri sem nota á við öflun upplýsinga á hverju ári eru tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU, nemendakannanir, starfsmannakannanir, vinnufundir starfsmanna, foreldrakannanir, matsfundir með starfsmönnum og nemendum auk utanaðkomandi skoðunar.

Kafla 2 fjallar um það sjálfsmat sem fram fór á skólaárinu 2014-2015 í tengslum við markmið úr kafla 1. Þar er greint frá niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Á hverju ári er lögð áhersla á eitthvað ákveðið atriði og það skoðað eins nákvæmlega og hægt er. Á hverri önn er kennslan metin, jafnt fagtímar sem vinnustofur.

Kafla 3 fjallar um aðra þætti sjálfsmats á skólaárinu. Við vinnslu sjálfsmats er stuðst við tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU. Einnig var skrifleg könnun lögð fyrir nemendur í leiðsagnartíma þann 16. desember 2014 og rafrænar kannanir lagðar fyrir í maí 2015. Þá voru rafrænar kannanir varðandi leiðsagnakerfið lagðar fyrir kennara og nemendur í maí 2015 og rafræn könnun varðandi stjórnun skólans lögð fyrir starfsmenn og nemendur í maí 2015.

Kafla 4 snýr að sjálfsmatsáætlun, sem er alltaf til staðar til þriggja ára. Aðaláhersluatriði skólaársins 2014 - 2015 voru leiðsagnarkerfi skólans og stjórnun hans ásamt áfangamati, ástundun og árangri nemenda.

- Gert er ráð fyrir að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2015 - 2016 lúti að samstarfi við aðra. Einnig verður ástundun og árangur nemenda í nýrri námskrá til skoðunar.
- Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2016 - 2017 lúti að kennslu, starfsanda og fagmennsku.
- Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2017-2018 verði aðstaða og þjónusta við nemendur ásamt starfsaðstöðu starfsmanna og líðan þeirra í starfi.

Er hún útlistuð nánar í fjórða kafla.

Kafla 5 inniheldur viðhengi með spurningalistum þeirra kannana sem lagðar voru fyrir þetta skólaár, 2014 til 2015.

## 1.0. Markmið og matsaðferðir

Veturinn 2011 -2012 var sjálfsmatskerfið endurskoðað og stefnt að því að setja það í meira samhengi við fagleg markmið skólastarfs í skólasamningi. Hér eru taldir upp þættir sem meta á, greint frá markmiðum og útskýrðar aðferðir við að mæla þau. Sumir þættir voru skoðaðir í þessari skýrslu, aðrir verða metnir síðar.

### 1.1 Nemendur

#### Meginmarkmið I

Að bæta ástundun nemenda

##### *Deilimarkmið*

- Að bæta mætingu nemenda sem hefur verið að meðaltali 74%
- Að draga úr brottfalli úr áföngum

**Matsaðferð:** Tölfræðilegar niðurstöður úr INNU – Fjarvistaskráning

#### Meginmarkmið II

Að nemendum líði vel í skólanum

##### *Deilimarkmið*

- Að nemendur hafi reglulegan aðgang að leiðsagnakennurum sínum og vilji leita til þeirra.
- Að nemendur hafi reglulegan aðgang að námsráðgjafa, heilbrigðisþjónustu og sálfræðingi
- Að tekið sé tillit til nemenda með geðraskanir, þroskafrávik og sértæka námsörðugleika
- Að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90 % nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist

**Matsaðferð:** Könnun meðal nemenda, kennara og forráðamanna

#### Meginmarkmið III

Að skólinn uppfylli lög um fræðluskyldu

##### *Deilimarkmið*

- Að skólinn taki við nemendum sem rétt eiga á fræðslu, hvernig svo sem undirbúningi þeirra úr grunnskóla er háttað

**Matsaðferð:** Könnun

## 1.2 Nám

### Meginmarkmið I

Skólinn leggur áherslu á að boðið sé upp á fjölbreytt úrval námsbrauta

- Að boðið sé upp á nám á tveimur stúdentsbrautum, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut, tveimur starfsbrautum, íþróttabraut og ferðamálabraut og á almennri námsbraut og að í útstöð skólans á Þórshöfn sé boðið uppá 1. árs nám í framhaldsskóla og nám á almennri braut

**Matsaðferð:** Könnun

### Meginmarkmið II

Að þróunarverkefni skólans undanfarin ár sé fasti í skólastarfinu og leiðarstjarna næstu ára

*Deilimarkmið*

- Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi

**Matsaðferð:** Könnun meðal nemenda og kennara, ásamt úttekt utanaðkomandi fagaðila

- Að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn nemenda hækki úr 7.1 í 7.5 fram til ársins 2015

**Matsaðferð:** Tölfræðilegar niðurstöður úr INNU – Einkunnayfirlit

- Að búa nemendum námsumhverfi sem undirbýr þá enn betur undir þátttöku í atvinnulífi og fyrir frekara nám

**Matsaðferð:** Könnun

- Að vinnudagur nemenda sé samfelldur

**Matsaðferð:** Stundaskrár nemenda

### Meginmarkmið III

Að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2014

*Deilimarkmið*

- Að verkefnastjórn þróunarverkefnis leiði þá vinnu í samræmi við stefnumótun í fylgiskjali.

### 1.3 Kennsla

#### Meginmarkmið I

Að skólinn hafi yfir að ráða hæfum og vel menntuðum kennurum og starfsfólki

#### *Deilimarkmið*

- Að kennarar skólans séu að lágmarki með BA eða BS gráðu og kennslu- og uppeldisfræðimenntun

**Matsaðferð:** Könnun meðal starfsmanna og prófgögn starfsmanna

#### Meginmarkmið II

Að skólinn styðji starfsmenn með þeim hætti sem þeim er kleyft að leita sér endurmenntunar, sem styrkir starfsemi skólans

#### *Deilimarkmið*

- Að hvetja starfsmenn til að sækja námskeið sem fagfélög þeirra halda
- Að ýta undir að starfsmenn sækji sér viðbótarnámsgráðu, s.s. mastersgráðu

**Matsaðferð:** Könnun, stofnanasamningur

#### Meginmarkmið III

Kennarar meti nám nemenda í samræmi við stefnu skólans

#### *Deilimarkmið*

- Að námsmat sé persónubundið
- Að námsmat sé framkvæmt með fjölbreyttum hætti

**Matsaðferð:** Könnun

### 1.4 Stjórnun

#### Meginmarkmið

Stjórnandi gæti þess að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir um framhaldsskóla

#### Meginmarkmið I

Þróunar og umbótastarf skólans sé virkt og skili árangri

#### *Deilimarkmið*

- Að mat á innra starfi skólans haldist í hendur við umbótastarf hans og þróunarstarf
- Að stjórnendur virki starfsmenn og gefi þeim kost á taka þátt í að móta stefnu fyrir skólann.

#### Meginmarkmið II

Að skólinn keppi að því að verða viðurkenndur sem heilsueflandi framhaldsskóli.

#### *Deilimarkmið*

- Að skólinn verði viðurkenndur sem heilsueflandi framhaldsskóli eigi síðar en árið 2014

### 1.5 Leiðsagnarkerfið

#### Meginmarkmið I

Að vera með leiðsagnarkerfi sem virkar vel fyrir nemendur, kennara og forráðamenn.

#### *Deilimarkmið. íser að vinna í kafla 2*

- Að sátt ríki um leiðsagnarkerfi skólans, þær mætingarreglur sem það inniheldur og afleiðingar við brotum á þeim.

**Matsaðferð:** Kannanir meðal nemenda, kennara og forráðamanna.

#### Meginmarkmið II

Að koma á góðu samstarfi milli skóla og heimila jafnt sem kennara og nemenda.

#### *Deilimarkmið*

- Að nemendur og forráðamenn hafi greiðan aðgang að leiðsagnarkennurum og vilji leita til þeirra.

**Matsaðferð:** Kannanir meðal nemenda, kennara og forráðamanna.

## 2.0 Sjálfsmat 2014–2015


### 2.1 Nemendur – ástundun og líðan

Meginmarkmið I varðandi nemendur er að bæta ástundun þeirra. Skráð mæting tekur tillit til fjarvista vegna veikinda og leyfa. Safnað var gögnum frá fyrri könnunum síðustu ára til að gera samanburð um þróun mætingar. Í febrúar 2013 var ljóst að stefndi í ófni varðandi mætingar nemenda sem var þá um 68,3%. Þá var gripið til þeirra aðgerða að setja tímabundnar mætingarreglur. Gengu þær út á að gerð var úttekt á mætingum nemenda á tveggja vikna fresti og þeir sem ekki náðu 85% mætingu urðu að skrá sig úr einum áfanga.

Þessar aðgerðir urðu til þess að mætingar nemenda bötnuðu og voru um 74,6% það sem eftir var annar vor 2013. Næsta skólaár, haust 2013 og vor 2014, var haldið í þessar sömu mætingarreglur, þ.e. að gera úttekt á nokkra vikna fresti (2 til 3) og aðhald veitt að 85% mætingu. Þeir sem ekki uppfylltu það þurftu, eins og áður, að skrá sig úr einum áfanga. Úrsagnir úr áföngum á haustönn 2013 voru 39 og utan þess voru veittar 6 undanþágur á úrskráningu. Vorönn 2014 voru 29 úrsagnir, en undanþágur voru töluvert fleiri, tæplega 20, vegna verkfallsins sem var í mars 2014.

Haustið 2014 voru lítilsháttar breytingar en helst ber að nefna að viðmiðunartölur voru hækkaðar og var nú ætlast til að nemendur væru með 90% mætingu eða þar yfir. Úrsagnir úr áföngum á haustönn 2014 voru 20 talsins og veittar undanþágur 6 en á vorönn 2015 voru úrsagnirnar 24 og undanþágurnar 8 talsins.

Neðangreindar upplýsingar um raunmætingu nemenda eru fengnar úr Innu, með aðstoð áfangastjóra:




Ofangreindar tölur sýna fram á að mæting hefur batnað lítilsháttar frá árinu 2013 og því hefur markmiðinu um að bæta ástundun nemenda verið náð. Þá má sjá á þessum tölum að mæting er alltaf verri á vorönnum en haustönnum. Úrsögnum úr áföngum vegna slakrar mætingar hefur ekki fjölgað þrátt fyrir að viðmiðið hafi verið hækkað úr 85% í 90% en þess ber að geta að þegar kemur að úrsögnum er miðað við heildarmætingu en ekki raunmætingu.



Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í desember 2014 kom fram að 20,9% þeirra 67 nemenda sem svöruðu könnuninni voru mjög ánægðir með mætingarreglurnar, 28,4% voru frekar ánægðir, 22,4% hvorki ánægðir né óánægðir, 16,4% frekar óánægðir og 11,9% mjög óánægðir. Það má því sjá á þessum tölum að meirihluta nemenda er ánægður með reglurnar en meðal þeirra kosta sem þær hafa í för með sér má nefna að nemendur fá ákveðið aðhald, sem reynist mörgum hverjum vel, nemendur eru meðvitaðir um reglurnar og þeim er fylgt eftir og nemendur fá viðvaranir áður en komið er í óefni. Í könnuninni komu fram athugasemdir frá nemendum á þann veg að allir ættu að hafa frjálsa mætingu, frjáls mæting ætti að vera í vinnustofur og að mætingarreglur væru of strangar og hentuðu ef til vill ekki eldri nemendum.

Ef litið er á haustannir sérstaklega og vorannir sérstaklega má sjá að þær mætingarreglur sem voru í gildi skólaárið 2014-2015 hafa greinilega bætt mætingar nemenda svo um munar eins og eftirfarandi mynd sýnir.




Meginmarkmið II varðandi nemendur er að þeim líði vel í skólanum. Deilimarkmið þar er að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90% nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist.

Af þeim 67 sem tóku þátt í nemendakönnun í desember 2014 segja 20 nemendur, eða 29,9%, að þeim líði mjög vel í vinnustofum og 34 nemendur, 50,7%, að þeim líði frekar vel í vinnustofum. Það eru því einungis 80,6% nemenda sem líður vel í vinnustofum og markmiði okkar um 90% því ekki náð. Þá sögðu 9 nemendur, 13,4%, að þeim líði hvorki vel né illa í vinnustofum og 4 nemendur, 6%, að þeim líði frekar illa. Því miður virðist sem svo að nemendum líði ekki eins vel í vinnustofum nú og þegar sambærileg könnun var gerð í maí 2014 en þá sögðu 88% nemenda að þeim líði vel í vinnustofum.

Þegar spurt var um líðan í fag tímum svöruðu aðeins 64 nemendur spurningunni. 26,6% þeirra, eða 17 nemendur, sögðu að þeim líði mjög vel í fag tímum, 39 nemendur, 60,9%, sögðu að þeim líði frekar vel, 6 nemendur, 9,4%, sögðu að þeim líði hvorki vel né illa og 2 nemendur, 3,1% sögðu að þeim líði frekar illa. Það má því sjá að 87,5% nemenda líður vel í fag tímum og má því ætla að nemendum líði frekar vel í

fagtímum en vinnustofum. Markmiðinu um 90% hefur því ekki enn verið náð en líðan nemenda í fagtímum hefur batnað frá því í könnuninni sem gerð var í maí 2014 en þá sögðu 86% nemenda að þeim liði vel í fagtímum. Þá má einnig nefna að í könnun sem gerð var í apríl 2013 kom fram að einungis 70% nemenda greindu frá vellíðan í fagtímum.

Nemendur voru einnig spurðir um líðan eftir skóla og á kvöldin og svörðuð 67 nemendur þeirri spurningu. 35 þeirra, 52,2% sögðu að þeim liði mjög vel, 23 nemendur, 34,3%, sögðu að þeim liði frekar vel, 7 nemendum, 10,4%, leið hvorki vel né illa og 2 nemendur, 3,0%, greindu frá vanlíðan. Það eru því 86,5% sem greina frá vellíðan eftir skóla og á kvöldin og því er markmiðinu um 90% ekki náð. Þessar niðurstöður eru þó betri en í apríl 2013 þegar 83% nemenda greindu frá vellíðan en því miður verri en í maí 2014 þar sem 88% nemenda sögðu að þeim liði vel eftir skóla og á kvöldin.




Eins og sjá má á myndinni hér að ofan hefur vellíðan nemenda í fagtímum og eftir skóla aukist en því miður hefur dregið úr vellíðan nemenda í vinnustofum. Það eina sem nemendur nefndu í könnuninni var að ekki væri nægilega góður vinnufriður í vinnustofum.

## 2.2 Nám - námsárangur

Meginmarkmið II varðandi nám er að þróunarverkefni skólans undanfarin 5 ár sé fasti í skólastarfinu og leiðarstjarna næstu ára. Deilimarkmið er að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn þeirra hækki úr 7.1 í 7.5 á næstu árum.

Meðaleinkunn haustannar 2012 er 6,5 og vorannar 2013 6,2. Þetta er töluverð lækkun frá 2011 til 2012 ári og langt frá því að ná því markmiði sem sett var. Haustönn 2013 var meðaleinkunn 6,6 og á vorönn 2014 var hún 6,3. Þetta er örlítið hærra, en varla er hægt að segja að þetta sé mikil breyting. Meðaleinkunn haustannar 2014 var sú sama og á önninni á undan, 6,3. Meðaleinkunn vorannar 2015 var örlítið lægri eða 6,2. Af þessu má sjá að augljóst er að markmiði um námsárangur og hækkun meðaleinkunnar í 7,5 hefur engan veginn náðst.



Á vorönn 2014 var verkfall kennara og var sú ályktun dregin að mögulega hefði meðaleinkunn orðið hærri ef ekki hefði komið til verkfalls framhaldsskólakennara. Í ljósi þess að meðaleinkunn haustannar 2014 er sú sama og vorannar 2014 og að meðaleinkunn vorannar 2015 er lægri má jafnvel velta því fyrir sér hvort verkfallið hafi haft nokkur áhrif á meðaleinkunn vorannar 2014 eða hvort svo ólíklega vilji til að þeirra gæti enn? Líklegra er, þar sem meðaleinkunnir áraanna á undan voru svipaðar, að verkfallið hafi ef til vill ekki haft eins mikil áhrif á meðaleinkunn og talið var í upphafi.

Meginmarkmið III miðar að því að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2014. Þar er deili markmið að verkefnastjórn þróunarverkefnis leiði þá vinnu í samræmi við stefnumótun. Verkefnastjórn vann að stefnumótun og gerð almenns hluta nýrrar námskrár á skólaárinu 2013 til 2014 og héldu þeirri vinnu áfram á skólaárinu 2014-2015. Á skólaárinu 2013-2014 tóku einnig allir kennarar þátt í vinnu við að móta og skrifa áfangalýsingar fyrir nýja námskrá undir stjórn skólustjórnenda. Þessari vinnu var svo haldið áfram á skólaárinu 2014-2015. Nokkrir tilraunaáfangar voru kenndir haustið 2013 eftir nýrri námskrá og haustið 2014 voru allir áfangar fyrsta árs nema úr nýju námskránni.

### 2.3 Kennsla - áfangamat og kennsluaðferðir

Bæði í desember 2014 og maí 2015 fylltu nemendur út áfangamatskannanir þar sem metnir voru áfangar hjá öllum kennurum skólans. Í þessum könnunum var meðal annars spurst fyrir um kennsluaðferðir sem notaðar voru en eitt af deilimarkmiðunum varðandi kennslu er að námsmat sé framkvæmt með fjölbreyttum hætti og því teljum við áhugavert að sjá hvort kennsluaðferðir eru fjölbreyttar eða einsleitar. Einnig var kannað hvort nemendum þætti námsmat áfanganna sanngjarnt og hvort uppsetning áfanganna og vinnuálag þeirra væri viðunandi m.t.t. einingafjölda. Allar áfangakannanirnar voru svo teknar saman og eftirfarandi niðurstöður unnar úr samantektinni.

Niðurstöður kannananna voru þær að miklum meirihluta nemenda, 92,8%, þótti námsmat áfanganna vera sanngjarnt. Aðspurðir um uppsetningu áfanga svaraði meirihluti nemenda, 57,1%, að þeim þætti hún góð og auðskiljanleg, 33,2% sögðu hana viðunandi og 9,7% sögðu hana flókna og ruglingslega. Meiri dreifing var á skoðunum nemenda á kennsluaðferðum áfanganna en þar svöruðu 46,6% að þeim þættu þær

fjölbreyttar, 39,8% að þeim þættu þær hefðbundnar og 13,7% að kennsluaðferðir væru einsleitar. Ein athugasemd nemanda var sérstaklega jákvæð varðandi þetta og var hún eftirfarandi: „Frábært að hafa öðruvísi kennsluaðferðir, líkt og er kennt í þessum áfanga“. Þá svaraði meirihluti nemenda því að þeim þætti vinnuálag áfanga mátulegt með tilliti til einingafjölda, 71,1%, en 13,6% nemenda þóttu álagið frekar mikið, 10,2% þótti það mjög mikið, 3,4% töldu það frekar lítið og 1,7% mjög lítið.

## 2.4 Stjórnun skólans

Ein af aðaláherslum sjálfsmatsins 2014-2015 var stjórnun skólans. Gerð var könnun meðal starfsmanna og nemenda í maí 2015 þar sem meðal annars var spurt um ánægju með stjórnun skólans, aðgengi að skólastjórnendum og samskipti við þá. Nánar er fjallað um könnunina og niðurstöður hennar í kafla 3.

## 2.5 Leiðsagnarkerfið


Leiðsagnarkerfið var einnig ein af aðaláherslum sjálfsmatsins 2014-2015 og var stefnt að því að kennarar, nemendur og foreldrar eða forráðamenn yrðu beðnir um að svara könnun þess efnis í maí 2015. Því miður var könnunin hins vegar aldrei send á foreldra og forráðamenn vegna misskilnings. Það voru því aðeins kennarar og nemendur sem svöruðu slíkri könnun. Í könnuninni var meðal annars spurt um ánægju með leiðsagnarkerfið, mætingarreglur, viðurlög við slakri mætingu, samskiptum leiðsagnarkennara, -nemanda og foreldra svo eitthvað sé nefnt. Nánar er fjallað um könnunina og niðurstöður hennar í kafla 3.

### 3.0 Sérstakar áherslur í sjálfsmati 2014-2015

Skólaárið 2014 -2015 var lögð sérstök áhersla á að meta leiðsagnarkerfi skólans og stjórnun hans. Lögð var fyrir könnun í desember 2014 hjá nemendum um ástundun, árangur og líðan í skólanum. Af 108 skráðum nemendum svöruðu 67 eða 62% nemenda. Þá var einnig lagt fyrir áfangamat í a.m.k. einum áfanga hjá hverjum kennara.


Hér eru niðurstöður þessa árs bornar saman við niðurstöður fyrri ára á þessum þáttum.

#### 3.1 Nemendur - ástundun og líðan




Langflestir nemendur telja að þeir sinni náminu frekar vel. Fleiri stúlkur telja sig sinna því mjög vel og engar eru á þeirri skoðun að þær sinni því frekar illa eða mjög illa. Færri drengir telja sig sinna námi sínu mjög vel og nokkrir telja sig vera að sinna því frekar eða mjög illa.

Hlutfall nemenda sem finnst þeir sinna námi sínu mjög vel eða frekar vel hefur hækkað frá fyrra ári og er nú 77% en skólaárið 2013-2014 var það hlutfall 74%.




Karlar virðast vera hlutfallslega ánægðari með vinnustofu-fyrirkomulagið heldur en konur. Meirihluti nemenda nýtir vinnustofur mjög vel eða frekar vel. Þó hefur ánægja með þær minnkað frá fyrra ári, var 84% kvenna og 76% karla en er nú 70% hjá báðum kynjum.




Þegar kemur að fagttímum er meirihluti nemenda ánægður hversu vel þeir nýtast til náms. Töluvert fleiri konur mjög ánægðar með þá heldur en karlmenn eða svara að þeir nýtist mjög vel eða frekar vel. Ánægja hefur þó minnkað frá fyrra ári, var 88% hjá konum og 80% hjá körlum, en mælist nú einungis 83% hjá konum og 64% hjá körlum.

### 3.2 Árangur nemenda




Spurt var í könnun hversu ánægðir nemendur væru með árangur sinn í námi. Hér sýnir stöplarit samanburð þeirra niðurstaða við útkomu síðastliðinna ára. Það jákvæða er að mjög fáir nemendur telja sig frekar eða mjög ósátta við árangur sinn og fleiri eru mjög eða frekar sáttir með árangur sinn heldur en síðastliðið ár.

### 3.3. Kennsla – áfangamat og kennsluaðferðir




Meirihluti nemenda telur að vinnuálag í námi dreifist mjög eða frekar jafnt yfir önnina sem ber vott um gott skipulag og samstarf kennara. Flestir áfangar eru í símatkerfi sem dreifir stærri verkefnum enn frekar.




Mjög fáir nemendur segjast geta alltaf lokið námi sínu á skólatíma en 39% geta það oftast. Með vinnustofum og aðstoð kennara ættu meirihluti nemenda að ná að ljúka námi sínu oftast á skólatíma en líklega hafa fleiri þættir áhrif s.s. námstækni og vinnufriður á vinnustofum.

### 3.4 Stjórnun skólans

Könnun var lögð fyrir starfsmenn skólans á vordögum varðandi stjórnun skólans og samskipti við stjórnendur. Svarhlutfall var einungis 48%








Einungis 25% starfsmanna telur skólastarfsmanna telur skólastjórnendur mjög eða frekar samstíga í stjórnun skólans.


Sama könnun var einnig lögð fyrir nemendur í maí 2015 og voru niðurstöður eftirfarandi.




Nemendur eru ánægðari með stjórnun skólans heldur en starfsmenn og einungis 7% mjög óánægðir á móti 31% starfsmanna.

### 3.5 Leiðsagnarkerfið


Lögð var fyrir í byrjun maí 2015 könnun á meðal nemenda annars vegar og kennara hins vegar um ánægju með leiðsagnarkerfi og mætingarreglur skólans. Svarhlutfall var 66% hjá nemendum og 85% hjá kennurum.




55% nemenda eru mjög eða frekar ánægðir með leiðsagnarkerfi skólans. 13% þeirra eru frekar eða mjög óánægðir með kerfið en tilgreina ekki skilt í skriflegum athugasemdum hvers vegna.



Starfsmenn skólans eru ánægðari með mætingarreglur skólans heldur en nemendur. 46% nemenda eru þó mjög eða frekar ánægðir með reglurnar.



Nemendur virðast upplifa afleiðingar slakrar mætingar sem sanngjarnar og eru fleiri ánægðir en óánægðir. Starfsmenn eru ósáttari við kerfið og 36% eru frekar eða mjög óánægðir með fyrirkomulagið.



Ánægja með samskipti á milli kennara og nemenda er mikil hjá meirihluta nemenda og kennara. Nokkrir nemendur eru frekar eða mjög ósáttir.

Sjálfsmatsnefnd 2014 til 2015 langar til að enda niðurstöðu kaflann á þessari skemmtilegu mynd, þar sem 61 nemendur af 67 sem svöruðu sögðust myndu hvetja vini sína til að koma í þennan skóla.



## 4.0 Eftirfylgni sjálfsmats

Haustið 2015 þarf að fara í aðgerðir til þess að halda við þeirri bætingu sem átt hefur sér stað varðandi mætingu nemenda, bæta árangur þeirra og sérstaklega líðan í vinnustofum. Vonast sjálfsmatsnefndin til þess að stjórnendur skólans fari yfir áfangamat hvers áfanga, til þess að ræða við viðkomandi kennara í starfsmannaviðtali næsta árs. Með því móti er líklegt að þróun og framfarir verði í einstaka áföngum. Samhliða vinnu við nýja námskrá þarf að efla áfangamat. Þá er á áætlun að gera nemendakönnun um þátttöku og viðhorf til íþróttastarfsnámsins í samstarfi við íþróttanefnd Eflingar, en einhverjar breytingar verða líklega á þessu starfsnámi með þeim breytingum sem verða á staðsetningu Þingeyjarskóla.

### 4.1 Sjálfsmatsáætlun frá hausti 2015 til vors 2018.

1. **Gert er ráð fyrir að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2015 - 2016 lúti að samstarfi við aðra. Einnig verður ástundun og árangur nemenda í nýrri námskrá til skoðunar.**
  - a. **Haust 2015**
    - i. Fara yfir sjálfsmatsskýrslu 2014 til 2015
    - ii. Áfangamat
    - iii. Líðan nemenda
    - iv. Nemendakönnun um þátttöku og viðhorf til íþróttastarfsnámsins í samstarfi við íþróttanefnd Eflingar
    - v. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu
  - b. **Vor 2016**
    - i. Áfangamat
    - ii. Nemendakönnun um þátttöku og viðhorf til náms með leikdeild Eflingar
    - iii. Meta Tónkvísl
    - iv. Nemendakönnun um nýja námskrá
    - v. Foreldrakönnun um nýja námskrá
    - vi. Kennarakönnun um nýja námskrá
    - vii. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu
    - viii. Farið yfir sjálfsmatsáætlun – endurbætt
2. **Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2016 - 2017 lúti að kennslu, starfsanda og fagmennsku.**
  - a. **Haust 2016**
    - i. Fara yfir sjálfsmatsskýrslu 2015 til 2016
    - ii. Áfangamat
    - iii. Nemendakönnun um kennsluaðferðir og námsmat
    - iv. Kennarakönnun um kennsluaðferðir og námsmat

- v. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu

**b. Vor 2017**

- i. Áfangamat
- ii. Nemenda- og starfsmannakönnun um starfsanda og fagmennsku
- iii. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu
- iv. Farið yfir sjálfsmatsáætlun – endurbætt

**3. Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2017-2018 lúti að aðstöðu og þjónustu við nemendur ásamt starfsaðstöðu starfsmanna og líðan þeirra í starfi.**

**a. Hausti 2017**

- i. Fara yfir sjálfsmatsskýrslu 2016-2017
- ii. Áfangamat
- iii. Nemendakönnun um þá þjónustu sem þeir fá hjá starfsmönnum skólans
- iv. Starfsmannakönnun um þá þjónustu sem þeir veita í starfi sínu
- v. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu

**b. Vor 2018**

- i. Áfangamat
- ii. Starfsmannakönnun um starfsaðstöðu
- iii. Starfsmannakönnun um líðan í starfi
- iv. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu
- v. Farið yfir sjálfsmatsáætlun – endurbætt

## 5.0 Viðhengi